

Greinargerð með tillögum til nýrra samþykktu Neytendasamtakanna 2024

Stjórn NS hefur undanfarið ár unnið að breytingartillögum þessum á fundum stjórnar, í nefnd og í samtali við sérfræðinga. Breytingar á lögum samtakanna voru síðast samþykktar á þingi Neytendasamtakanna 27. október 2018. Þar sem nokkuð langur tími er liðinn þótti mikilvægt að taka löggin til heildarendurskoðunar. Talið var heppilegast að leggja til ný lög í heild sinni m.a. til að einfalda, stytta og gera löggin skýrari. Einnig var reynt að sameina ýmsa kafla laganna og færa ákvæði saman þar sem það á við. Neytendasamtökin starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla og er skert á því. Lagt er til að nota hugtakið „samþykktir“ í stað þess að tala um „lög“ til samræmis við ákvæði laga um félög til almannaheilla. Lögð er sérstök áhersla á að uppfæra orðalag með tilliti til kynhlutleysis sem og að skerpa á heimildum til notkunar á fjarfundalausnum og rafrænum kosningum.

Um einstaka greinar frumvarpsins

I KAFLI – Almenn ákvæði

1. gr. Heiti

Greinin er að mestu óbreytt frá núverandi lögum – en ákvæði um sjálfstæði og að samtökin skulu óháð flutt í 2. gr.

2. gr. Tilgangur, fjármögnun og ráðstöfun fjármuna

Lagt er til að í stað núverandi greinar, þar sem kveðið er á um tilgang samtakanna og að þau skuli ávallt taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda, segi að tilgangur samtakanna sé að standa vörð um og efla hag og réttindi neytenda í samræmi við stefnu samtakanna. Stefna samtakanna er lifandi skjal sem er sífellt til endurskoðunar. Talið er rétt að stjórn hafi þannig heimild til að uppfæra stefnuna eftir því sem þurfa þykir.

Bætt er við ákvæði um það hvernig samtökin eru fjármögnuð og hvernig skuli fara með fjármagn samtakanna. Þá er vísað til ákvæðis laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla varðandi atriði sem samþykktir samtakanna ná ekki til.

3. gr. Aðild

Greinin er að mestu óbreytt frá núverandi 6. gr. með uppfærðu orðalagi í samræmi við kynhlutleysi. Þá er tekið fram hvernig hægt sé að segja upp félagsaðild með fullnægjandi hætti.

II KAFLI – Aðalfundur Neytendasamtakanna

4. gr. Aðalfundur

Greinin er að mestu samhljóða núverandi 9. og 10. gr. laganna. Stærsta breytingin sem hér er lögð til er að aðalfundur sé færður frá októbermánuði yfir í aprílmánuð. Rökin fyrir því eru m.a. þau að eðlilegra sé að halda aðalfund snemma á árinu þar sem liðið starfsár er gert upp og rekstraráætlun fyrir árið lögð fram. Þá liggur ársreikningur fyrir snemma árs. Áherslan verður þá á að ársfundur verði uppgjörsfundur fljótlega eftir nýliðið starfsár. Áfram getur aðalfundur fjallað um starf samtakanna á komandi misserum.

Þá er jafnframt lagt til að tekið sé úr lögum að tölvuskeyti skuli send til þeirra félagsmanna sem hafa gefið samtökunum upp netfang sitt. Rökin fyrir því eru m.a. að óljóst er hvort að heimild sé til slíkra sendinga sem og að í lögnum er aðeins kveðið á um lágmarks tilkynningarleiðir og getur því sitjandi stjórn tekið ákvarðanir um ríkari tilkynningar telji hún ástæðu til - svo sem með tölvupóstsendingum.

Skerpt er á heimild stjórnar til að ákveða hvort aðalfundur verði haldinn með rafrænum hætti að hluta eða heild.

5. gr. Atkvæðisréttur

Ákvæðið er að mestu samhljóða núverandi 11. gr. Helsta breytingin sem lögð er fram fjallar um heimild félagsfólks til setu á aðalfundi. Mikilvægt er að félagsfólk hafi greiðan aðgang að aðalfundi. Talið er að það samrýmist frekar lýðræðissjónarmiðum að fella út það skilyrði að félagsfólk tilkynni um þátttöku á aðalfundi með a.m.k. viku fyrirvara sem og séu ekki í vanskilum innan sama frests. Þannig er lagt til að nægjanlegt sé að félagsfólk sé ekki í vanskilum 10 dögum fyrir aðalfund svo það hafi rétt til að mæta og hafi þar atkvæðisrétt.

Ekki er lagt til að fella niður skilyrðið að félagsfólk megi ekki vera í vanskilum ákveðnum tíma fyrir aðalfund til að geta kosið rafrænt og lagt er til að sá frestur verði 10 dagar. Ástæðan fyrir því er að ef fyrirhugað er að hefja rafrænar kosningar fyrir aðalfund þarf að senda lista með kennitölum þeirra sem hafa heimild til að kjósa til þess aðila sem framkvæmir kosningarnar. Það ferli kann að taka tíma og því mikilvægt að svigrúm sé til staðar svo hægt sé að koma lista yfir félagsfólk, sem getur heimilt að taka þátt í kjöri, til framkvæmdaraðila.

6. gr. Dagskrá aðalfundar

Lagðar eru til smávægilegar breytingar á núverandi 13. gr. Samhliða flutningi aðalfundar frá október til apríl er talið eðlilegt að rekstraráætlun til næstu áramóta sé lögð fram. Ekki er gerð krafa um framlagningu rekstraráætlunar næsta rekstrarárs. Þá er lagt til að í stað liðsins “stefnumótun” komi liðurinn “kynning og umræða um stefnu samtakanna”. Talið er eðlilegt að stefna samtakanna sé að mestu á verksviði stjórnar hvers tíma sem gæti þannig uppfært hana

fljótt og auðveldlega ef á þarf að halda. Breytingin á þó ekki að koma í veg fyrir að fundarfólk geti komið fram með tillögur og hugmyndir að stefnumótun og hvernig skuli móta hana.

7. gr. Framboð

Í 28. gr. núverandi laga er fjallað um framboð og er greinin óbreytt utan þess að lögð er til breyting á frestum í samræmi við færslu aðalfundar til aprílmánaðar. Það er sami frestur og í núverandi lögum frá auglýsingu til loka framboðsfrests, 2 vikur.

8. gr. Kosningar

Lagt er til að kveðið sé sérstaklega á í samþykktunum að kosningar til formanns og stjórnar skuli fara fram með rafrænum hætti. Það er talið mun lýðræðislegri leið en að hafa kosningar á staðnum þar sem eingöngu þeir sem sækja aðalfund hafi atkvæðisrétt. Þá er kveðið á um lágmarks- og hámarkstíma kosninga sem og hvenær þeim skuli ljúka. Kjöri stjórnar (þar á meðal formanns) skal lýst á aðalfundi og því er ekki heimilt að gefa út niðurstöðu kosninga áður.

9. gr. Kjörnefnd

Verulega er skerpt á hlutverki og skyldum kjörnefndar. Eftir að uppstillingarnefnd var lögð af með lagabreytingum árið 2018 og kjörnefnd sett á laggirnar en ekki kveðið með skýrum hætti á um hlutverk hennar. Lagt er til að kjörnefnd hafi ríkt hlutverk til eftirlits með framkvæmd kosninga sem og að tryggja að nægjanleg mörg framboð berist í laus embætti eftir að framboðsfresti lýkur.

IV KAFLI – Stjórn, framkvæmdastjóri og önnur trúnaðarstörf

10. gr. Hæfisskilyrði

Sambærilegt núverandi 17. gr. laga samtakanna. Lagt til að ákvæðið verði breytt í almennt hæfisskilyrðisákvæði í stað þess að eiga eingöngu við um formann og annað stjórnarfolk líkt og í núverandi lögum. Ákvæðið á því við um alla þá sem sinna trúnaðarstörfum fyrir samtökin auk formanns og stjórnarfólks, sem og í þeim tilvikum þar sem sérstaklega er vísað til ákvæðisins.

Skerpt er á skyldum þess aðila sem telur sig vanhæfan að vekja athygli á því og hverjum hann skal tilkynna um slíkt.

11. gr. Skipan stjórnar

Sambærilegt núverandi 16. gr. Ekki gerðar efnislegar breytingartillögur.

12. gr. Verkefni stjórnar

Lagðar eru til nokkrar breytingar á núverandi 18. gr. Önnur ákvæði sem kváðu á um hlutverk/verkefni stjórnar og framkvæmdastjóra eru sameinuð í þessu ákvæði.

Ákveðið var að setja inn nýtt ákvæði um að stjórn ákveði hvort formaður sé starfandi, hverjar hans starfsskyldur skuli vera sem og launakjör hans. Rökin fyrir því eru að ekki hefur verið gert ráð fyrir því að formaður þurfi að vera starfandi starfsmaður samtakanna og kann m.a. að vera þannig ástatt að formaður sé starfandi annars staðar og gegni hlutverki formanns án þess að vera launaður starfsmaður. Því var talið mikilvægt að þau sem hafa áhuga á að bjóða sig fram til formanns átti sig á því að formaður þarf ekki endilega að vera einnig launaður starfsmaður. Þá kann að vera að stjórn ákveði að það sé enginn starfandi formaður heldur sé það framkvæmdastjóri sem komi fram fyrir hönd samtakanna. Gert er ráð fyrir því að ný stjórn taki afstöðu til þess hvort formaður sé starfandi eða ekki hverju sinni.

Ennþá er gert ráð fyrir því að stjórn taki ákvörðun um ráðningu, starfsskyldur og launakjör framkvæmdastjóra. Lagt er til það nýmæli að stjórnarfolk megi ekki jafnframt gegna stöðu framkvæmdastjóra.

Lagt er til að ákvæði um að hámarks samfelld stjórnarseta sé fjögur kjörtímabil verði felld út. Þessar lagabreytingatillögur sem hér er fjallað um, sem og lagabreytingar sem samþykktar voru á þingi samtakanna árið 2018, hafa aukið lýðræði m.a. með því að hafa stjórnar- og formannskjör í rafrænni kosningu þannig að allt félagsfólk hafi möguleika á að taka þátt í kosningum. Neytendamál og starfsemi Neytendasamtakanna er víðfeðm og skýtur skökku við að koma í veg fyrir stjórnarsetu fólks sem hefur 8 ára reynslu en nýtur stuðnings félagsmanna. Þær aðstæður gætu komið upp að of fáir bjóða sig á sama tíma og kveðja þarf stjórnarmann sem hefur setið samfelld í átta ár óháð því hvernig hann hefur staðið sig.

13. gr. Stjórnarfundir

Lögð eru til þau nýmæli í lögnum að á fyrsta fundi nýrrar stjórnar að loknum aðalfundi skipti stjórn með sér verkum og kjósi úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera. Þetta verklag hefur verið viðhaft en talið er æskilegt að kveða skýrt á um það í lögum. Jafnframt er lagt til að ef kjósa þurfi um þessi embætti þá skuli það gert skriflega og með leynilegum hætti.

Lagt er til að það falli úr lögnum að formaður stýri að jafnaði fundum stjórnar en ef þörf krefur geti stjórn kosið sérstakan fundarstjóra á stjórnarfundum. Venja er fyrir því að í upphafi stjórnarfunda sé lagt til að einhver stýri fundinum og því ekki þörf á að sérstaklega sé kveðið á um þetta atriði í lögum. Þá kunna að koma upp aðstæður þar sem æskilegt er að annar en formaður stýri fundi, en það er þá ákvörðun stjórnar hverju sinni. Ákvæðið er því stytt sem því nemur.

Lagt er til að samþykktar fundargerðir skuli birtar opinberlega á vefsetri samtakanna. Talið er eðlilegt og í anda lýðræðis og gegnsæis að félagsfólk og aðrir geti nálgast fundargerðir stjórnar með aðgengilegum hætti.

V KAFLI – Breytingar samþykktar og slit samtakanna

14. gr. Breytingar

Efnilega sama ákvæði og í núverandi 33. gr. Tímafrestir uppfærðir í samræmi við flutning aðalfundar til aprílmánaðar.

15. gr. Slit

Lagt er til að ef samtökunum yrði slitið skulu eignir þeirra renna til félagasamtaka innan Almannaheilla eða til samtaka sem starfa að neytendamálum. Talið var óskýrt hvað geti flokkast undir „góðgerðarsamtök“ eins og kveðið er á um í nágildandi lögum. Með því að tilgreina sérstaklega að eignir renni til aðildarfélaga innan Almannaheilla eða, séu Almannaheill ekki starfandi, til samtaka sem starfa að neytendamálum er talið betur tryggt að þau renni til góðs málefnis.

16. gr. Ákvæði til bráðabirgða

Lagt er til að í lögum verði sett ákvæði til bráðabirgða sem tekur á því hvernig fara skuli með embættistíma þeirra sem flutningur aðalfundar, frá október til apríl, hefur áhrif á.